

## Gangnaseðill sauðfjár haustið 2021 á gangnasvæði frá Vaðlaheiði að Mjaðmárdal

Meðfylgjandi er gangnaseðill vegna fjallskila haustið 2020.

- 1. göngur:** 3. og 4. sept
- 2. göngur:** 17. og 18. sept

Dagsverkið er metið á kr. 12.000-.

Á gangnaseðlinum eru þeir aðilar sem göngur eru lagðar á, en það eru þeir sem sleppa fé á afrétt. Göngur eru lagðar á fjáreigendur eftir fjárfjölda, þó mismunandi eftir gangnasvæðum.

Meðfylgjandi er listi yfir gangnaforingja. Premur dögum fyrir göngur ber að tilkynna viðkomandi gangnaforingja hverjir mæti.

**Fyrir hvert gangnarof greiðist 1,5 dagsverk í fjallskilasjóð.**

**Hreinsa skal allt ókunnugt fé úr heimalöndum fyrir auglýsta gangnadaga og koma til skila. Óheimilt er að sleppa fé í afrétt að loknum göngum.**

**Ekki má flytja sauðfé yfir varnarlínur.**

**Umsjón með göngum í Öngulsstaðadeild hefur Hákon B. Harðarson Svertingsstöðum sími. 896-9466**

Gangnasvæði:	Gangnaforingi:	Sími:
Vaðlaheiði að Fiskilæk	Sverrir Friðriksson	847-1654
Fiskilækjarfjall að sunnan	Gunnar Haraldsson	893-7236
Garðsárdalur	Orri Óttarsson	899-3264
Almenningur	Hákon B Harðarson	896-9466
Melrakka- og Helgárdalur	Guðný Jóhannesdóttir	898-2597
Staðarbyggðarfjall og Þverárdalur	Einar Gíslason	863-1470
Munkapverártungur	Vilhjálmur Jónsson	463-1200
Mjaðmárdalur	Reynir Sverrir Sverrisson	866-0921

Réttað verður í Þverárétt kl. 10 sunnudaginn 5. sept.

Réttarstjóri: Hákon B Harðarson sími 896-9466

Annars staðar er réttað þegar komið er að.

Gangnaseðlar eru á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar.

**Innheimt verður gjald í fjallskilasjóð kr. 60 fyrir hverja kind samkvæmt búfjárskýrslu nema hjá þeim sem hafa allt fé heima.**